



TOLLSTJÓRI

Upprunareglur – tækifæri á öðrum mörkuðum

Svanhvít Jóna B. Reith
lögfræðingur á tollasviði
svanhvit.reith@tollur.is



Efnisatriði

- Gildissvið samningsins
- Almennt um upprunareglur
- Uppruni vöru – skilyrði
- Aðvinnsla
- Upprunasannanir
- Höfnun fríðindameðferðar
- Reglur um tollmeðferð og fyrirgreiðslu viðskipta



Gildissvið samningsins

- Samningurinn gildir fyrir viðskipti milli Kína og Íslands, sbr. 5. gr. samningsins
- Regla um beinan flutning – heimild til uppskiptingar og umflutnings



Upprunareglur

- Sérkafli innan samningsins, ekki viðauki eða bókun eins og annars þekkist
- Nokkuð frábrugðnar upprunareglum annarra fríverslunarsamninga sem Ísland á aðild að.



Upprunavörur

- varan er að öllu leyti heimaefengin eða framleidd á yfirráðasvæði samningsaðila
- varan er að öllu leyti framleidd á yfirráðasvæði annars eða beggja samningsaðila og einvörðungu úr efnum sem uppfylla ákvæði þessa kafla hvað varðar uppruna
- Varan er framleidd á yfirráðasvæði samningsaðila og uppfyllir skilyrði lista um aðvinnslu, reglu um svæðisbundið efnisvirði eða breytingu á tollflokkun.



- 23. gr. skilgreinir vörur sem teljast að öllu leiti heimaþengnar
- 24. gr. skilgreinir hvað breyting á tollflokkun til að vara öðlist uppruna felur í sér
- 25. gr. skilgreinir sérstaka reikningsreglu til virðisauka
- Uppsöfnun uppruna er heimil, þ.e.a.s. að það er hægt að setja saman íslenskar og kínverskar vörur eða hráefni og telst varan þá upprunnin þar sem hún er fullunnin.



Aðvinnsla

- Ef vara er búin til úr hráefni sem fengið er utan samningssvæðisins þarf aðvinnsla að teljast nægjanleg.
- 27. gr. samningsins telur upp aðgerðir sem ekki geta veitt uppruna. Í flestum tilvikum er um að ræða einfaldar aðferðir sem ætlaðar eru til að viðhalda vörunni í góðu ástandi eða sem ekki krefjast flókins búnaðar eða sérstakrar þekkingar. Þökkun, merking, hreinsun o.fl. eru þannig aldrei nægjanleg aðvinnsla
- Í viðauka við samninginn er svo kveðið á um sérstök skilyrði fyrir hvern kafla tollskrárinnar.



Upprunareglur

- Undanþágureglan (10%) - de minimis
- Vara fær uppruna þrátt fyrir að uppfylla ekki skilyrði um breytingu á tollflokkun, að því tilskyldu að “utansvæðishráefni” sé ekki meira en 10% af FOB-andvirði vörunnar og að önnur skilyrði kaflans séu uppfyllt.



Upprunareglur

- Við ákvörðun um uppruna skal ekki tekið tillit til umbúða, pakkninga til flutnings, fylgihluta, varahluta og verkfæra.
- Þar fyrir utan hafa eldsneyti, smurolía, búnaður, tæki, hanskar, gleraugu og annað ekki áhrif.
- => vörur sem notaðar eru í framleiðslu vöru en eru ekki felldar inn í vöruna eða eru hluti af henni



Upprunasannanir

- Sérstakt upprunaskírteini – frábrugðið EUR 1 (36. gr.)
- Sérstök yfirlýsing um uppruna – frábrugðin yfirlýsingu sem þekkt er. (37. gr.)



Upprunasannanir

- Skírteini er í sér viðauka við samninginn. Þar þurfa að koma fram svipaðar upplýsingar og á EUR 1 skírteini, en uppsetning er önnur
- Skírteini skulu gefin út fyrir eða við útflutning. Gilda í 1 ár.
- Í Kína eru sérstakar opinberar stofnanir, sem sjá um útgáfu upprunaskírteina og sannprófun uppruna – nokkurs konar undirverktakar hjá tollinum. Á Íslandi sér Tollstjóri um að gefa skírteinin út.
- Sniðmát upprunaskírteinis í viðauka V við samninginn:
<http://www.utanrikisraduneyti.is/media/fta-kina/Vidauki-V---Upprunavottord.pdf>
- Í undantekningartilvikum er hægt að gefa út eftirá.



Upprunasannanir

- Yfirlýsing um uppruna má aðeins vera gefin út af viðurkenndum útflytjanda (38. gr.), sem þarf að vera með sérstakan stimpil, skráðan hjá tollýfirvöldum
- Raðnúmer á yfirlýsingum, ábyrgð útflytjanda að halda skrá yfir númerin.
- Skrá með raðnúmerum þarf að senda til Tollstjóra sem sendir yfirlit í mars á hverju ári
- Mun umfangsmeiri upplýsingar en á yfirlýsingum hingað til



Upprunasannanir

- Upprunayfirlýsing skal gefin út áður en innflutningur á sér stað (opnar á möguleika til uppskiptingar sendinga í vörugeymslu erlendis).
- Gildir í 12 mánuði
- Sniðmát upprunayfirlýsingar er í viðauka VI við samninginn: <http://www.utanrikisraduneyti.is/media/fta-kina/Vidauki-VI---Upprunayfirlysing.pdf>



Upprunasannanir

- Undanþága frá útgáfu upprunasannana er bundin við sendingar sem eru að verðmæti undir 600 USD.
- Óheimilt að beita ef ljóst er að um raðsendingar er að ræða í þeim tilgangi að komast hjá skilyrðum um sönnun uppruna.
- Varðveisla skjala í a.m.k. 3 ár. Bókhalddsskylda á Íslandi er lengri.



Höfnun fríðindameðferðar

- Innflutningsríki getur hafnað niðurfellingu tolla ef
 - vörurnar uppfylla ekki þau skilyrði sem sett eru fram í kaflanum,
 - innflytjandinn, útflytjandinn eða framleiðandinn fara ekki að þeim skilyrðum sem kveðið er á um í kaflanum eða
 - upprunavottorðið eða upprunayfirlýsingin uppfyllir ekki skilyrði kaflans.



Reglur varðandi tollmeðferð og fyrirgreiðslu viðskipta

- Sérkafli innan samningsins, er annars yfirleitt viðauki eða bókun.
- Kaflinn er að mestu leiti byggður á staðaltexta EFTA og tillögum WCO með fáum undantekningum.
- Snýr að bestu framkvæmd á sviði tollamála og að einfalda inn- og útflutning eins og hægt er fyrir viðskiptaaðila.



- Greinargott yfirlit yfir samninginn, viðauka hans o.s.frv. er að finna á heimasíðu utanríkisráðuneytisins:
<http://www.utanrikisraduneyti.is/samningar/friverslun-vid-kina/>



Samspil við aðra samninga

- Ef vara eða hráefni er flutt frá Kína og unnið áfram á Íslandi til útflutnings til annarra landa þarf að ákvarða uppruna að nýju í samræmi við upprunareglur þess samnings sem í hlut á.
- EES-samningurinn, tvíhliða samningur við Færeyjar, 25 EFTA-samningar.....
- Yfirleitt sambærileg skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt (nægjanleg aðvinnsla, listareglur o.s.frv.)



“Tvítollun”

- Vara tollafgreidd inn til annarra landa áður en hún er seld og tollafgreidd til Íslands
- Öll gjöld lögð á?
- Áhrif?

